

**Ed.**

**196. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, og er hún á einu máli um, að sú breyting, sem það gerir á núgildandi lögum um bæjarstjórn á Akureyri, sjerjettmæt og að full nauðsyn muni vera á því að hækka þetta fasta gjald til bæjar-sjóðs.

Jafnframt vill nefndin benda á, að hún álitur nauðsynlegt og vill vænta þess að stjórnarráðið, að fengnum tillögum sýslunefnda og bæjarstjórna, leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum.

Að svo mæltu ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 26. mars 1921.

Sig. Eggerz,  
formaður.

Guðm. Ólafsson,  
skrifari og framsögumaður.

Guðjón Guðlaugsson.

Sigurjón Friðjónsson.

Björn Kristjánsson.